

Fundargerð

232. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 1. nóvember 2016 kl. 12¹⁵ – 12⁵⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi) Íris Gunnarsdóttir (ÍG), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) (fjarverandi)
Halldór Haraldsson (HH vm. HÞH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Frumvarp um breytingar á úrvinnslugjaldi
- (3) Rekstraráætlun 2017
- (4) Hjólbarðar
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([231. fundar](#)).

Samþykkt

2. Frumvarp um breytingar á úrvinnslugjaldi

Stjórn Úrvinnslusjóðs samþykkti tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi á 228. stjórnarfundi sjóðsins sem haldinn var 23. ágúst 2016.

Lögð voru fram drög að frumvarpi um breytingar á úrvinnslugjaldi í samræmi við framangreindar tillögur og minnisblað sem var sent til ráðuneytisins.

Engar athugasemdir voru gerðar.

3. Rekstraráætlun 2017

Lagt var fram erindi frá UAR þar sem óskað er eftir rekstraráætlun 2017.

Rekstraráætlun 2017 – 2020 var endurskoðuð í tengslum við vinnu við tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi í júlí/ágúst á þessu ári. Gerð er tillaga um að miða við þá áætlun fyrir árið 2017, sbr. meðfylgjandi rekstraryfirlit. Rekstraráætlunin verður endanlega staðfest í árslok þegar fjárlög fyrir árið 2017 liggja fyrir.

Samþykkt að framkvæmdastjóri miði við þessa fyrirliggjandi áætlun

4. Hjólbarðar

Á fundinum var lagt fram erindi frá Hringrás þar sem óskað er eftir að viðmiðun flutningstilleggs (s.k. núllpunktur) fyrir hjólbarða frá Suðurnesjum verði færð frá Kölku til Reykjavíkur þar sem Kalka er hætt að taka við hjólbörðum. Auk þess er óskað eftir að endurgjald fyrir ráðstöfun hjólbarða verði hækkað til samræmis við gjaldskrárhækkun Sorpu vegna móttöku á hjólbarðakurli. Hækkunin var 1 kr/kg.

Samþykkt að breyta viðmiðun vegna flutningsjöfnunar hjólbarða þannig að allir hjólbarðar verði fluttir til Reykjavíkur

Ákveðið að skoða betur beiðni um hækjun endurgjalds.

5. Önnur mál

Rætt um ársfund Úrvinnslusjóðs

Næsti fundur ákveðinn 29. nóvember 2016.

Fundi slitið kl 12.50

A cluster of five handwritten signatures in blue ink. From top-left to bottom-right, they appear to read:
Gunnar G. Þórisson
Riðar E. Guðfossan
Gjólfusen
Kross Ólafsson